

SHALDÖR  
skoðun 10



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk  
Fasteignir.is



Bakaði Höfða  
Frístundabakarinn Hildur  
Kjartansdóttir skreytir kökur  
með þekktum byggingum.  
Síðast bjó hún til Höfðaköku.  
FÓLK



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

16. júlí 2012  
165. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt þeimtölukönnunum Capacent Gallup júlí - mars 2012




**Leitar að söguefni**  
Lene Stæhr leitar að  
áhugaverðum sögum fólks í  
danska heimildarmynd.  
popp 26

**Gengst við nördaskap**  
Jónas Guðmundsson hefur  
opnað fyrsta gönguleiðavef  
landsins.  
Tímamót 14



**Ólafur í toppformi**  
Hinn 39 ára gamli Ólafur  
Stefánsson skoraði tíu mörk  
í landsleik gegn Túnis.  
sport 20

## veðrið í dag



**VÍÐA BJART** en skýjað allra  
austast í fyrstu og léttir svo til.  
Hægur vindur og hiti á bilinu 10 til  
22 stig, hlýjast á Suðvesturlandi.

VEÐUR 4

## Börn í lífshættu vegna ein- angrunar sem fylgir netfíkn

Stór hópur 14 til 18 ára drengja í meðferð á göngudeild BUGL glímir við netfíkn. Foreldrum hjálpað að koma börnunum frá tölvunni. Í alvarlegustu tilfellunum eru börnin lögð inn. Fráhvarfseinkenni eru mikil.

**SAMFÉLAGSMÁL** Af þeim rúmlega 900 börnum sem skráð eru í meðferð á göngudeild Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans, BUGL, glímir stór hópur drengja á aldrinum 14 til 18 ára við netfíkn. Í alvarlegustu tilfellunum eru börnin lögð inn. Þau eru þá ekki bara hætt samskiptum við aðra í umhverfinu vegna mikillar tölvunotkunar heldur eru þau beinlínis í lífshættu vegna þunglyndis og vanvirkni. Þetta segir Guðlaug María Júlíusdóttir, verkefnastjóri félagsráðgjafar á kvenna- og barnasviði Landspítalans.

„Börnin eru lögð inn þegar þau eru farin að þjást af alvarlegu þunglyndi og jafnvel sjálfsvígshugsunum. Þau hafa ekki sinnt samskiptum við fjölskyldu og vini vikum og jafnvel mánuðum

“ Börnin eru lögð inn þegar þau eru farin að þjást af alvarlegu þunglyndi og jafnvel sjálfsvígshugsunum.

**GUÐLAUG MARÍA JÚLÍUSDÓTTIR**  
VERKEFNASTJÓRI FÉLAGSRÁÐGJAFAR Á  
KVENNA- OG BARNASVIÐI LANDSPÍTALANS

saman, heldur einungis verið inni á herberginu sínu. Þau hafa ekki sinnt neinu nema tölvunni og heiminum sem þar er inni,“ segir Guðlaug.

Hún tekur það fram að í göngudeildarmeðferð sé reynt að greina grunnvandann. „Netfíkn er ekki sjúkdómsgreining í sjálfu sér. Við reynum að komast að því hvers vegna barnið er búð að koma sér á þennan stað í tilverunni. Mögulega

er um einstakling að ræða sem í grunninn er kvíðinn og félagsfél-  
inn og líður best inni á herbergi.  
Stundum flosna börn upp úr skóla  
vegna netfíknar. Í öðrum tilfellum  
eru þau búin með skólaskyldu og  
reynist erfitt að fá vinnu. Foreldr-  
unum finnst þá skiljanlegt að barn-  
ið leiti inn í herbergi. Þeir gera sér  
ekki alltaf grein fyrir því hversu  
alvarlegur vandinn er.“

Í göngudeildarmeðferðinni er  
fjölskyldunum hjálpað að koma  
börnunum út úr herbergjunum.  
„Það verða oft átök inni á heimil-  
unum. Börnin láta ekki alltaf tölv-  
una frá sér með góðu. Reynt er að  
fara samningaleið innan skynsam-  
legra marka og styðja foreldrana  
í að setja mörk. Stundum gengur  
þetta og stundum ekki. Stefnt er  
að því að finna úrræði sem fylla

tómarúmið þegar dregið er úr  
tölvunotkuninni,“ segir Guðlaug.

Á legudeild eru börnin látin  
æfa sig í þeim daglegu athöfnum  
sem þau voru búin að týna niður,  
að sögn Guðlaugar. „Þau æfa sig  
í að horfast í augu við aðra, bjóða  
góðan daginn, fara reglulega í  
sturtu og borða á matmálistímum.  
Þau fá svokallaða umhverfismeð-  
ferð. En fráhvarfseinkenni geta  
verið mjög alvarleg. Þess eru  
dæmi að börnin ráfi um gangana  
með miklar kvalir. Þau finna fyrir  
kvíða og óróa og þola ekki við. Ein-  
kennin eru svipuð og fráhvarfs-  
einkenni vegna annarrar fíknar.  
Ég vona að þekkingin á tölvufíkn  
sé að verða meiri hjá foreldrum  
svo að þessi mál nái ekki að ganga  
svona langt.“

ibs@frettabladid.is



**HJÖRTUR BENEDIKTSSON OG HELGA HJARTARDÓTTIR Í GRÆNMETISMARKAÐNUM** Það var nóg um að vera í grænmetismarkaðnum í Hveragerði þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Það fer vel á því að grænmetið sé selt skammt frá Eden enda fer því ekki fjarrí að það sé ræktað í kálgarði drottins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Grænmeti, bleikja og hrossabjúgu seld á útimarkaði í Hveragerði:

## Kálið ræktað nærri vígðri mold

**MANNLÍF** Paradís virðist ekki hafa farið langt þó Eden í Hveragerði hafi brunnit því að skammt frá rústum Edens slá feðginin Hjörtur Benediktsson og Helga Hjartardóttir upp markaði um helgar þar sem grænmeti, bleikja og hrossabjúgu renna út eins og heitar lummur.

Mest er lagt upp úr grænmetinu sem Hjörtur ræktar nær allt sjálfur. „Það liggur við að þetta sé ræktað í vígðri mold því ég er með þetta í Hjallakróki í Ölfusi, spólkorn frá kirkjujörðinni,“ segir hann af gamansemi.

Þetta er þriðja sumarið í röð

“ Grænmetið rokselst og síðan eru hrossabjúgun sem ég fæ frá fólkinu á Böðmódsstöðum í Laugardal svo vinsæl að birgðirnar sem áttu að duga út helgina seldust upp.

**HJÖRTUR BENEDIKTSSON**  
GRÆNMETISBÓNDI Í ÖLFUSI

sem þau slá upp bás sínum á þessum stað og segir hann að nóg sé að gera. „Grænmetið rokselst og síðan eru hrossabjúgun sem

ég fæ frá fólkinu á Böðmódsstöðum í Laugardal svo vinsæl að birgðirnar sem áttu að duga út helgina seldust upp strax klukkan fimm á föstudaginn. Enda var geysimargt um manninn þann dag, þetta var bara eins og á útihátíð.“

Básinn er fyrir utan leikhúsið í Hveragerði en þau feðgin fá einnig að nota aðstöðuna þar inni. Hjörtur er eflaust vel að því kominn því milli þess sem hann sinnir hlutverki garðyrkjubóna og sölumanns leikur hann hin ýmsu hlutverk hjá Leikfélagi Hveragerðis.

-jse

## Guðmundur lofar tæknina: Sá dótturina fæðast á Skype

**UPPLÝSINGATÆKNI** Hópurinn Radiant Games lenti í 4. til 5. sæti í stærstu forritunarkeppni heims í síðustu viku með leikinn Robert's Quest. Keppnin fór fram í Ástralíu. Guðmundur Valur Viðarsson, einn liðsmanna, lét fjarlægðina ekki koma í veg fyrir að hann gæti upplifað fæðingu frumburðarins heldur nýtti samskiptaforritið Skype.

„Ég varð vitni að því í beinni þegar dóttir mín kom í heiminn eða eins mikið og ég gat í gegnum tárin,“ segir hann. Fyrsta fjölskyldumyndin er líka óhefðbundin. „Hún er af mér og nýfæddu stúlkunni í rúminu og honum á tölvuskjánum með heyrnartól“ segir Gunnþóra, kona hans.

-hpt/ sjá síðu 26

**Aspirin**  
**Actavis**

– fæst án lyfseðils  
í apótekum



actavis

20%  
AFSLÁTTUR

Smjörvi  
TILBOÐ

Smjörvi  
í sérmerktum  
umbúðum á  
20% lægra  
verði



Vertu  
snjallari  
hjá Nova!

**Tekur ljósmyndir sem**  
**minna á verk færustu**  
**ljósmyndara sögunnar**

1.000 kr.  
notkun á mán.  
í 12 mánuði  
fylgir þessum  
farsíma!

iPhone 4 8 GB

**6.490 kr.** í 18 mán.

99.990 kr. stgr.

iPhone 3GS 8 GB

**3.990 kr.** í 18 mán.

64.990 kr. stgr.

1.000 kr.  
notkun á mán.  
í 12 mánuði  
fylgir þessum  
farsíma!



3.000 kr.  
notkun á mán.  
í 12 mánuði  
fylgir þessum  
farsíma!

iPhone 4S 16 GB

**8.690 kr.** í 18 mán.

139.990 kr. stgr.

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA

Verðslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Simnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi.  
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.



Ertu að leita  
upplýsinga?  
[www.suzuki.is](http://www.suzuki.is)

  
SUZUKI

Way of Life!

# Tveir nettir frá Suzuki. Einn fyrir borgina - annar í sveitina!



## SUZUKI Jimny

FULL  
FRAME  
4x4



**Upplifðu einstaka aksturseiginleika  
Jimny. Handskiptur, sjálfskiptur**  
Verð frá kr. 3.350 þús.  
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.

Grand stærri / Reykjavík  
Visthæfur bíll



## SUZUKI Alto



**Alto. Sparneytinn borgarbíll  
sem fær frítt í staði í miðbænum.**  
Hagstætt verð, ódýr í rekstri.  
Verð frá 1.890 þús.  
Meðaleyðsla 4,3L /100 km

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

  
SUZUKI

TRAUST UMBOÐ  
Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • [WWW.SUZUKI.IS](http://WWW.SUZUKI.IS)



Fer órátt í Reykjavík í taugarnar á þér?

JÁ	64,5%
NEI	35,5%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Finnst þér að borgin eigi að kaupa Perluna og leigja ríkinu undir náttúruminjasafn?

Segðu þína skoðun á vísiris.

**vísir**

Grasfletir á þéttbýlisstöðum á Suðurnesjum víðast brúnir og illa brunnir:

## Víða brún tún á Suðurnesjum

**NÁTTÚRA** Fá tún á Suðurnesjum skarta um þessar mundir grænum lit og reyndar varla stingandi strá á mörgum þeirra. Það er kannski ekki að undra að túnin láti á sjá en varla hefur komið dropi úr lofti á þessum slóðum frá því í lok maí.

Þorvaldur Örn Árnason, líffræðingur og íbúi í Vogum, segir það svo ekki bæta úr skák að grasþökurnar hafi verið lagðar ofan á mól og sand en hvorutveggja helst illa á raka. Betur mundi reynast, segir hann, að hafa góða mold.

„Þetta er einhver tíska sem hefur tröllriðið öllu hérna sem er

ekki nógu gott því slíkar flatir þola varla viku þurrk,“ segir hann. „Svo er hér stór íþróttavöllur sem er hannaður eftir þessari tísku og það þarf að vökva hann daglega svo hann skrálni ekki í þessu árferði sem er að öðru leyti afskaplega ánægjulegt.“ Hann segir enn fremur að allur gróður sem hafi mold við rætur sér þrífist afbragðsvel þrátt fyrir þurrkatíðina.

Hilmar Bragi Bárðarson, fréttastjóri Víkurfrétta, segir að reynt hafi verið að halda græna litnum við með því að vökva en það hafi ekki borið tilætlaðan árangur. -jse



**SKRÆLNADUR SKRÚÐGARÐUR** Skrúðgarðurinn í Reykjanesbæ er þurr og vart stingandi strá að sjá. MYND/JÓN ÞORGRÍMSSON

Tímamót í greindarmælingu:

## Konur standa körlum framar

**BRETLAND** Konur hafa í fyrsta sinn síðan mælingar hófust farið fram úr körlum á greindarprófum.

Ríflega 100 ár eru liðin frá því að mælingar á greind hófust. Breska blaðið Daily Telegraph segir konur hingað til hafa verið um fimm stigum undir körlum í meðalgreind. Nú hefur orðið viðsnúningur og konur mælast að meðaltali hærri en karlar. Ein kenning er að greind kvenna hafi aukist vegna álags á heilann við að samþætta flókið fjölskyldulíf og starfsframa í nútímasamfélagi.

## Kerasal lausnir fyrir þreytta, sprungna og þurra fætur



- Nýtt á Íslandi
- Mest selda fótalinan í Bandaríkjunum
- Klínískar rannsóknir sýna fram á árangur

**20%**  
kynningarafsláttur  
út júlí

**Lyf & heilsa**  
Við hlustum!

## VOICES UNLIMITED

í Norræna húsinu í kvöld kl. 20.00. Aðgangur ókeypis.

Átta sterkar austurrískar karlmansraddir án hljóðfæra/lifandi sviðsframkoma og húmor.



Norræna húsið Sturlugata 5 101 Reykjavík Tel. 5517030 www.norraenahusid.is



DISCOVERY CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STÖD2.IS



**VIÐ GÁMINN** Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar, við einn gáma fyrirtækisins. Hann segir að minnstu verksmiðjurnar sem endurvinna og bræða gler taki á móti tuttugufalt meira magni en því sem kemur frá Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Megum eiga von á kærri vegna glersins

Íslendingar endurvinna ekki umbúðagler og brjóta þannig EES-samninginn. Stór hluti umbúðaglers er hins vegar endurnýttur. Búast má við ákæru vegna þessa, en ólíklegra þykir að sektum verði beitt, segir lögfræðingur ráðuneytis.

**UMHVERFISMÁL** Íslendingar eru langt frá því að uppfylla sett markmið um endurvinnslu á gleri. Endurvinna átti 60 prósent af umbúðagleri í lok árs 2011 samkvæmt settum markmiðum. Árið 2009 var ekkert gler endurnúið, eða núll prósent. Síðan þá hafa engar breytingar verið gerðar á meðhöndlun á gleri svo vitað sé.

Markmiðin eru byggð á EES-samningnum og landið því að brjóta samninginn.

„Mjög líklegt er að okkur verði stefnt, en það eru minni líkur á einhverjum sektum ef það er fyrirséð að við vinnum að því að bæta okkur,“ segir Kjartan Ingvarsson, lögfræðingur hjá umhverfisráðuneytinu.

Hann bendir þó á að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi stefnt nokkrum aðildarríkjum fyrir að innleiða úrgangstilskipunina ekki rétt og ekki á réttum tíma. Það hafi í auknum mæli haft í för með sér sektargreiðslur sem aðildarríki hafi þurft að borga til Evrópusambandsins. Hann segir því ekki hægt að útiloka sektir.

Til stendur að bæta endurvinnslu á gleri og er markmið stjórnvalda að koma á sérstakri söfnun á gleri, pappír, málmum og plasti árið 2015. Kjartan segir mögulegt að söfnunin fari jafnvel fyrir af stað.

„Það þarf að tryggja að gleri sé safnað og það fari í endurvinnslu. Ráðuneytið er að vinna að innleiðingu á því og lagt verður fram

### Munur er á endurnýtingu og -vinnslu

Munurinn á endurnýtingu og endurvinnslu er að með endurvinnslu er glerið brætt og aðrir glermunir gerðir úr því.

Með endurnýtingu er glerið notað, til dæmis brotið niður og notað við stígagerð eða sem uppfyllingarefni ofan á urðunarstaði. Endurnýting og endurvinnsla er því ekki það sama. Íslendingar eru duglegir að endurnýta gler, en endurvinnna það hins vegar ekki. Samtals var rúmlega níu tonnum af gleri safnað árið 2009. Ekkert var endurnúið, en tæp sex tonn endurnýtt eða 64 prósent.

### Endurvinnslan dýr og mengandi

„Mjög víða er gler ekki kerfisbundið endurnúið vegna þess að sú vinnsla er dýrari en að taka fram sandinn sem liggur víða og vinna úr honum nýtt gler,“ segir Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar.

Helgi bendir á að við endurvinnslu á gleri þurfi að hreinsa það mjög vel, bæði allan pappír af ílátunum og allt innihald. Þessi hreinsun sé mengandi. Að auki þurfi að fletja glerið með flutningabil í skip, sigla skipinu í höfn erlendis, og þaðan keyra það í glerbræðslu. Þessir flutningar mengi líka.

„Og þá kemur alltaf upp spurningin: Hvað viltu ganga langt og hvenær er verið að vernda umhverfið? Er þetta umhverfisvænt eða ekki?“

Helgi segir skynsamlegra að endurnýta glerið.

„Við höfum frekar notað þetta í malbik, glerþeppi, í viðhald á gördum eða saxað glerið í sand og notað í stíga.“

Helgi telur það betri kost en endurvinnslu.

„Það er mjög dýrt að endurbæða gler og það kostar mengun að endurvinnna það.“

frumvarp um það á Alþingi í haust.“

Aðeins broti af því gleri sem til fellur er safnað saman eins og er.

„Þetta snýst um umbúðagler. Hér á landi er aðallega safnað drykkjarvöruumbúðum úr gleri, en það er lítil áhersla lögð á að safna saman öðrum glerumbúðum. Það er talsvert mikið magn þó svo að tölur um það liggi ekki alveg fyrir,“ segir Kjartan. **katrin@frettabladid.is**

“Mjög líklegt er að okkur verði stefnt, en það eru minni líkur á einhverjum sektum.”

**KJARTAN INGVARSSON**  
LÖGFRÆÐINGUR HJÁ  
UMHVERFISRÁÐUNEYTINU



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

ISLENSKASTYÐJÓÐ 0923 0712



## Og borgin varð orðlaus. Nýr Yaris Hybrid.

Umferðarljósinn stoppa og stara á hann renna hljóðlaust hjá. Stöðumælarnir kyngja klínki af aðdáun meðan bensíndælurnar stinga fingrum í eyrun og láta sem hann sé ekki til. Fimmtán ára þróun Toyota á hybrid-tækninni hefur skilað sér í þessum hljóðláta snillingi, nýjum Yaris Hybrid sem með lágmarksútblæstri (79g/km) og aðeins 3,5 lítrum á hundraðið líður hávaðalaust um stræti og torg.

## Nýr Yaris Hybrid. Sjáðu borgina þagna.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð: 3.490.000 kr.



Notar aðeins frá 3,5 lítrum  
á 100 km í blönduðum akstri.



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.





**Electrolux**  
**EWF-167583W Þvottavél**  
 Toppmódel frá Electrolux á ótrúlega hagstæðu verði. Hér getur þvottavélin m.a. hjálpað þér við að strauja fötin! Vélin er hlaðin þægindum

- ✓ **Hraðval-** og tímaaðlögun með Time Manager. Þú ræður hve lengi vélin þvær. Sparaðu allt að 70% tíma.
- ✓ **Gufun á fatnaði** - dregur allt að 90% úr krumpum og eyðir lykt.
- ✓ **1600 snúninga** stillanlegur vinduhráði
- ✓ **A++/A/A** toppþvottavél fyrir orkunýtni, þvottagæði og þeytivindu
- ✓ Stór **LCD skjár** með öllu aðgerðarvali
- ✓ **Kolalaus mótur** - hljóðlátari og endist lengur
- ✓ Fullt verð kr. 159.900

**TOPPMÓDEL!**  
**KOLALAUS MÓTUR**  
 lengri ending - hljóðlátari

KYNNINGARVERÐ KR.  
**139.000**  
 SPARAÐU 20.000

AAA EINKUNN 1600 SNÚNINGA 7 KG GUFU-KERFI

Tilboðið stendur l.o.m. 21. júlí

**Electrolux**  
**EDC-47100C Þurrkari barkalaus**  
 Barkalaus þurrkari með rakaskynjara og 8 mismunandi þurrkerfum fyrir nær allar gerðir af fatnaði.

- ✓ Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara. Stoppar þegar þvotturinn er orðinn þurr
- ✓ Hljóðlátur
- ✓ Sérkerfi fyrir viðkvæman fatnað og ull
- ✓ Stór 43x33 cm stór lúga
- ✓ Krumpuvörn og niðurræling á taui
- ✓ Hljóðmerki í lok þurrks (valkvætt)
- ✓ Auðveld vatnslosun í niðurfall eða tank
- ✓ Tekur allt að 7 kg. af taui
- ✓ Fullt verð kr 109.900

**OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.**  
**87.900**  
 SPARAÐU 22.000

BARKALAUS RAKASKYNJARI

**SIEMENS**  
**SN-24M205EU Uppþvottavél**  
 Vönduð uppþvottavél frá Siemens með 3xA toppþvottavél

- ✓ 4 þvottakerfi þ.á.m. erfiðskerfi, hraðkerfi og sjálfvirkt kerfi
- ✓ AquaSensor þvottatækni sem aðlagar tíma, hitastig og vatnsnotkun eftir þörf
- ✓ VarioSpeed hraðval sparar allt að 50% tíma
- ✓ Skjár sem sýnir lengd þvottakerfis
- ✓ Framstillt gangsetning möguleg
- ✓ Fjölbreytanleg innrétting
- ✓ AquaStop vatnslekavörn
- ✓ Fullt verð kr 149.900

HLJÓÐ-LÁT EINKUNN

**OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.**  
**119.000**  
 SPARAÐU 30.000

**AEG**  
**CE-1400 Ryksuga**  
 Ný ryksuga með nýjust mótortækni sem notar eingöngu 1400W en skilar afli á við 2200W ryksugu.

- ✓ Óragnasía
- ✓ Hæg að nota S-Bag örtrefjapoka sem tekur meira, gefur betri siun, og rifnar síður
- ✓ Stillanlegur sogkraftur
- ✓ 9,5 metra vinnuradius
- ✓ Samandraganlegt stálstaft
- ✓ Fullt verð kr. 19.990

**OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.**  
**14.990**  
 25% AFSLÁTTUR

HLJÓÐ-LÁT 8 M VINNURÁDIUS

**AEG**  
**SZ 91200-5I Innbyggður kælikápur**  
 Lúxus kælikápur með stafrænni hitastýringu, kæliviftu og 2 Long Fresh 0°C skúffum

- ✓ **Kælivifta** tryggir jafnt kuldaflæði í öllum skápnum
- ✓ 2 rakastýrðar kælikúffur á brautum með 0-3°C. Tilvalið til að geyma fisk, kjöt, grænmeti, ávexti, osta og alegg við kjöraðstæður
- ✓ HxBxD: 122,5x56x55 cm
- ✓ Fullt verð kr. 149.900

KYNNINGARVERÐ KR.  
**99.900**  
 SPARAÐU 50.000

0-2°C skúffur

Tilboðið stendur l.o.m. 21. júlí

**AEG**  
**AN-91250-5I Innbyggður frystiskápur**  
 Lúxus frystiskápur með sjálfvirkri affrýstingu og stafrænni hitastýringu og stórum skúffum

- ✓ **Sjálfvirk affrýsting** - eyðir hrími og klaka og matvælin geymast betur án þess að frostþurrkast.
- ✓ **Hljóðmerki** ef hurðin er ekki lokað eða hitastigið fellur óeðlilega mikið
- ✓ HxBxD: 122,5x56x55 cm
- ✓ Fullt verð kr. 189.900

KYNNINGARVERÐ KR.  
**99.900**  
 SPARAÐU 90.000

Sjálfvirk affrýsting

Tilboðið stendur l.o.m. 21. júlí

**RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM!**  
**LAGER HREINSUN**

**LOKA-ÚTKALL**

**7.493**  
 30% AFSLÁTTUR

**10.493**  
 30% AFSLÁTTUR

**DOMO**  
**DO-9036G stórt sælkeragrill**  
 2000W sælkeragrill með hitastilli. Lagar sig að þykktinni. Fullt verð kr. 14.990

**30%**  
 AFSLÁTTUR AF GRILLUM  
 MARGAR GERÐIR

**TRISTAR**  
**GR-2841 Minútugrill**  
 Með rífluðum grillfleti. Lagar sig að þykktinni. Fullt verð Kr. 10.990

**2.394**  
 40% AFSLÁTTUR

**TRISTAR**  
**WF-2141 Belgískt vöflujárn**  
 Bakar hnausþykkar ektu belgískar vöflur. 1000W burstað stál. Fullt verð kr. 9.990

**4.995**  
 50% AFSLÁTTUR

**TRISTAR**  
**KW-2431 Eldhúsvog digital**  
 Tekur allt að 5 kg. Með glerdisk. Fullt verð kr. 3.990

**EKTA HEITUR BLÁSTUR**

KYNNINGARVERÐ KR.  
**99.900**  
 ÓTRÚLEGT VERÐ!

**AEG**  
**BE-3002420M ofn**  
 Glænýr ofn með ektu heitum þrívíddarblæstri sem tryggir bestan mögulegan árangur

- ✓ Tölvuklukka + kjöthitamælir
- ✓ Pizzakerfi og heitur blástur + stórt grill
- ✓ IsoFront kæld ofnhurð með þreföldu gleri
- ✓ Innfellanlegir stjórnhnappar

KYNNINGARVERÐ KR.  
**89.900**  
 ÓTRÚLEGT VERÐ!

**2.990** pr. stk

**BL-4431** Lítil blandari með glerkönnu. Áður kr 4.990

**BR-1013** Brauðrist tveggja sneiða. Áður kr 3.990

**SA-1120** Samlokugrill fyrir 2 sneiðar. Hvítt. Áður kr 3.490

**WK-1324** Hraðsuðukanna 1,5 lítra 2000W snúrulaus. Áður kr 4.990

**MX-4151** Handþeytari 200W. Áður kr 3.990

**AEG**  
**HK-634020XB Keramik helluborð**  
 Glæsilegt keramik helluborð með XXL hellu.

- ✓ 4 hellur þ.á.m. ein þreföld stækkanleg
- ✓ Snerittakkar, klukka & barnalæsing

**Rafha ehf.**  
 Suðurlandsbraut 16 108  
 Reykjavík  
 Sími 5880500  
 www.rafha.is

Opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16

Pörf endurskoðun á lagarammanum:

## Tjáningar- og upplýsingafrelsi styrkt

Fréttablaðið sagði frá því á laugardag að stýrihópur á vegum mennta- og menningarmálaráðherra hefði nú til skoðunar hvernig breyta þyrfti lögum til að styrkja betur tjáningar- og upplýsingafrelsi á Íslandi. Þetta er þarft verkefni, en hópurinn var settur á fót í framhaldi af því að Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu Birgittu Jónsdóttur og fleiri þingmanna um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Eitt af fyrstu verkum hópsins var að skrifa refsiréttarnefnd erindi um hvort ekki væri rétt að færa ákvæði um meidyrði úr hegningarlögum yfir í skaðabótalög og afnema refsingu við brotum á þeim. Ása Ólafsdóttir, formaður hópsins, segir í Fréttablaðinu að ekki séu mörg dæmi um að refsað sé fyrir meidyrði, en þessi breyting myndi breyta ásýnd þessara mála. Mannréttindadómstóll Evrópu hafi í auknum mæli gagnrýnt refsingar á þessu sviði. „Það er mikilvægt að við getum sýnt fram á að hafa tekið upplýsta ákvörðun um að bótamál og umgjörð utan um meidyrðalöggjöf séu ekki inni í hegningarlögum heldur í einkarétti. Það er viðhorfsbreyting og stórt skref,“ segir Ása.

Það virðist liggja frekar beint við að stíga þetta skref. Það er ekki eðlilegt að það sé ríkisvaldið, sem refsar einstaklingi fyrir að viðhafa ærumeiðandi ummæli um aðra, heldur hlýtur sá sem telur á sér brotið að sækja rétt sinn í einkamáli fyrir dómstólum.

Það rímar við aðra breytingu sem nefndin skoðar, það er hvort ástæða sé til að afnema heimildir til lögbanns vegna væntanlegrar birtingar efnis í fjölmiðlum. Ása bendir á að krafa um lögbann geti takmarkað tjáningarfrelsið, en á móti verði að styrkja rétt þeirra sem verði fyrir meiðandi ummælum. Breytingar í þessum efnem eiga að sjálfsgöðu ekki að létta af fjölmiðlum þeirri skyldu að vanda upplýsingaöflun sína og vege ekki að æru manna að ástæðulausu.

Nefndin skoðar hvort ganga eigi enn lengra en gert var með nýjum fjölmiðlalögum í að tryggja vernd heimildarmanna. Meðal annars er skoðað hvort draga eigi úr þagnarskyldu opinberra starfsmanna til að þeir geti ljóstrað upp um atvik sem þeir verða áskynja í starfi sínu og eiga erindi við almenning.

Ása tekur fram að skiptar skoðanir séu um þetta atriði. Mörg ríki hafa hins vegar breytt lögum til að styrkja stöðu uppljóstrara. Þagnarskylda opinberra starfsmanna er hugsuð til að vernda til dæmis öryggi ríkisins og einkalíf skjólstæðinga opinberra stofnana. Hún á hins vegar ekki að ná yfir það þegar starfsfólk hins opinbera kemst til að mynda á snöðir um spillingu eða vonda stjórnsýslu. Slíkar upplýsingar eiga skilyrðislaust erindi við almenning.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra virðist ætla að fylgja þessu máli vel eftir og segir skoðun lagaumhverfisins brýna. „Það hefur komið á daginn að það var mikil þörf á endurbótum í þessum málaflokki,“ sagði hún í Fréttablaðinu á laugardag.

Það er vafalaust rétt hjá ráðherranum. En af hverju hefur hún þá haldið til streitu frumvarpi sínu um að banna birtingu skoðanakannana dagana fyrir kosningar, sem væri augljóst brot á tjáningar- og upplýsingafrelsi? Kannski stýrihópurinn kveði þá hugmynd í kúttinn.

### Árásargjarnir menn

Karl Sigurbjörnsson lét nýverið af embætti sem biskup Íslands. Af því tilefni hélt Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra samsæti Karli til heiðurs og flutti ráðherra þar ræðu eins og gengur og gerist. Í ræðu sinni sagði Ögmundur meðal annars að kreppan hefði komið illa við þjóðkirkjuna. Þá hefðu dapurleg mál sem allir þekktu, svo og innri vandkvæði, aukid á raunir kirkjunnar auk þess sem árásargjarnir menn hefðu neytt færiss til að vege sem grimmilegast að kirkjunni og orðið ágengt við að rjúfa samstöðu kirkju og þjóðar.



### Trúmálin eldfim

Urðu þessi orð Ögmunðar tilefni nokkurra skrifa í netheimum um helgina. Enda sennilega jarðbundnari skýringar á þeirri fækkun sem orðið hefur í þjóðkirkjunni á síðustu árum en sú að ótilgreindir menn hafi með árásum rofið samstöðu kirkju og þjóðar. Ögmundur fjallaði síðan sjálfur um ræðuna í pistli sem birtist á vefsíðu hans í gær og sagðist þar hafa verið að horfa til liðinna ára þar sem sér hefði þótt umræða um trúmál oft vera ofsafengin og hatursfull. Er það hárrétt hjá Ögmundi en fátt virðist jafn viðkvæmt á Íslandi og umræða um trúmál eins og skrif helgarinnar bera kannski vitni.

### Þingmenn til skammar?

Víðskiptablaðið birti ítarlegt viðtal við Illuga Gunnarsson, þingmann Sjálfstæðisflokksins, á fimmtudag. Í gær birtist svo á vef blaðsins itarefni úr viðtalinu sem rataði ekki í sjálft blaðið. Á vefnum ræddi Illugi um andrúmsloftið í þinginu og vék hann sérstaklega að framkomu Björns Vals Gíslasonar, þingmanns VG, sem Illugi sagði til skammar og hafa dregið úr trúverðuleika þingsins. Það er ekki á hverjum degi sem þingmenn tala svona um nafngreinda samstarfsmenn sína.



### HALLDÓR



## Reyndar hetjur snúi aftur

### Samfélagsmál



Ingimar Einarsson  
félags- og stjórnsmálafræðingur

Það hefur vakið furðu margra hversu lítið traust almenningur ber til ýmissa lykilstofnana þjóðfélagsins. Einungis 10% landsmanna bera mikið traust til Alþingis og litlu ofar á skalanum er Borgarstjórn Reykjavíkur sem nýtur trausts 15% íbúa. Til samburðar má heilbrigðisþjónustan bærilega vel við una, því 73% eru ánægðir með hana og kemur hún fast á hæla Háskóla Íslands. Nú kynnu margir að halda að sú endurnýjun sem átti sér stað á fulltrúum á Alþingi og í Borgarstjórn Reykjavíkur í síðustu kosningum hefði átt að skila sér í öflugra starfi og hæfara fólk en raunin hefur orðið á. Fólk trúði því að hinir 27 nýju þingmenn á Alþingi myndu blása lífi í störf þingsins og bæta vinnustaðamenningu þessarar fornfrægu stofnunar. Hin unga sveit þingmanna hefur hins vegar breytt þinghaldinu, með hjálp nokkurra litlu eldri þingmanna, í hálfgerða morfiskeppni. Þjóðin horfir agn-dofa á og skilur ekki hvaðan á sig stendur veðrið.

Á sama tíma lesum við í dagblöðunum lærðar greinar um samfélagsleg málefni eftir fólk á besta aldri sem slitið hefur þingskónum fyrir nokkru. Meðal þessara einstaklinga eru Sigvatur Björgvinsson, Þorsteinn Pálsson og Svavar Gestsson, svo fáeinir séu nefndir. Hin unga kynslóð bregst þó ekki við þessum skrifum, því annað hvort les hún ekki blöðin eða telur sig vanmegnuga til að etja kappi við slíka garpa. Síðari ágiskunin virðist sennilegri því þess háttar greinar verða ekki skrifaðar nema á grunni áratuga reynslu og mikillar þekkingar. Vinnustaðurinn Alþingi hefur einfaldlega brugðist í því hlutverki sínu að skila hinu sögulega arfi til hinnar ungu kynslóðar þingmanna sem nú á sæti á þjóðarsamkomunni. Úr þessu verður traudla bætt nema hinar reynslumiklu hetjur snúi aftur, að minnsta kosti tímabundið, og í framtíðinni verði tryggt að meira jafnvægi ríki milli kynslóðanna á þessum vettvangi en nú er.

FRÉTTABLAÐIÐ  
ÚTGÁFUFLÉGG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

## Dr.Organic - hreinar náttúruvörur

Kælandi og græðandi, 99,9% hreint Aloe Vera gel án skaðlegra aukaefna.

[www.drorganic.co.uk](http://www.drorganic.co.uk)

Fæst í flestum apótekum og heilsuþúðum.





# ÓDÝRASTI ÍSINN Í BÓNUS

498 kr.  
8 stk.



**BONUS**

Á ÞRÍÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÓLÍFUOLÍA SEM HREINSIEFNI

Auðvelt er að ná rákum og blettum af ryðfriú stáli með örilitilli ólífuolíu. Hellið einfaldlega olíu í tusku og strjúkið yfir stálið. Fægið síðan með þurrum eldhúspappír.

Nýtt frá Weber

[www.weber.is](http://www.weber.is)



Keramikhúðaðar pönnur og pottar með lausu / læsanlegu handfangi Hentar því vel á grillið, í ofninn eða eldavélina



## JEPPARAFAGEYMAR

Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?



Öflugir **TUDOR** High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Öruggræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • [www.skorri.is](http://www.skorri.is)



### HEIMILISLEGT

Heimilið hennar Bjargar er mjög litríkt og fullt af gömlum hlutum sem eiga sér langa sögu.

## LITRÍK OG RÓMANTÍSK

**LISTRÆN SMEKKKONA** Björg Gunnarsdóttir hefur mikinn áhuga á hönnun en hún heldur úti lífsstílsbloggi ásamt systur sinni.

**B**jörg Gunnarsdóttir heldur úti heimasíðunni [www.overone-coffee.com](http://www.overone-coffee.com) ásamt Önnu Gunnarsdóttur systur sinni. Við fengum að kíkja inn á heimilið hennar og hún sýndi okkur sína uppáhaldshluti. Björg hefur mikinn áhuga á tisku og húsgögnum og er dugleg að sækja sér innblástur og prófa eitthvað nýtt. „Ég sæk innblástur í tímarit og hjá vinum og ef ég fæ einhverjar hugmyndir þá fletti ég þeim upp á netinu. Ég hef líka verið dugleg að róta á flóamörkuðum og finna gersemar þar,“ segir Björg.

Heimili Bjargar einkennist af rómantik og litum og þar er mikið af gömlum hlutum. Þær systur byrjuðu með heimasíðuna seinasta haust og er mikið af fólki sem heimsækir síðuna dag hvern enda eru þær duglegar að setja inn færslur. Í haust ætlar Björg að flytja til Kaup-



mannahafnar þar sem hún er að fara í starfsnám hjá tiskumerkinu Bruuns Bazaar en Björg er lærð í kjólasaum. Björg mun halda áfram að blogga í Danmörku. „Ég held að það verði gaman að blogga í Køben því að ég mun þá vera í alveg nýju umhverfi og fá nýjan innblástur. Anna mun þó halda áfram að blogga frá Íslandi,“ segir Björg. ■ [gunnhildur@365.is](mailto:gunnhildur@365.is)



### GAMLIR MUNIR HEILLA

Björgu finnst gaman að safna gömlum fallegum hlutum eins og myndavélum. Þá safnar hún gömlum cappuccino bollum sem hún finnur á flóamörkuðum.

## Gerðu gæða- og verðsamanburð

NÝTT

**BOSS**

HUGO BOSS

home

Sængurver

Handklæði

Sloppar

Púðar

12 mánaða  
vaxtalaugar  
greiðslur\*

Svefn & heilsa




[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

\*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 • Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 • laugardaga 12.00 - 16.00



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi  
Vissir þú að...  
FOTELORUM og  
veirvöldum ber  
að tryggja öryggi  
BARNA

**FLIKKAÐ UPP Á FLÍSARNAR**  
■ Eru flísarnar farnar að láta á sjá? Hví ekki að mála?

Á heimasíðu Húsasmiðjunnar má finna leiðbeiningar um hvernig skuli mála flísar. Til að byrja þarf að hreinsa flísarnar og gamla fúgu með sterku hreinsiefni og svo með sveppaeyði. Hreinsað líka gamla málningu af, ef einhver er á flísunum. Því næst skal grunna flísarnar, en gætið þess að hvergi sé bleyta á flísunum eða í fúgu. Notið gervihárapensil eða rúllu fyrir grunninn, málið alltaf lóðrétt í sömu átt. Látið grunninn þorna og þúsið með sandpappír að grófleika 120. Bleytið tusku með White Spirit og strjúkið yfir. Málið aðra umferð af grunni. Strjúkið yfir með sandpappír að grófleika 160, þurrkið sem fyrr og málið með lakkinu, látið þorna, strjúkið yfir með sandpappír (grófleika 180) og málið aðra umferð, látið lakkið þorna og allt er klárt. Ekki gleyma að mála ávallt lóðrétt í sömu átt.



**BAKAR Í FRÍUNU**  
Hildur er frístundabakari með metnað. Henni finnst gaman að fá áskoranir og hugmyndir frá öðrum þegar kemur að því að skreyta kökurnar sem hún bakar.

# HÖFÐI Á KÖKU

**GAMAN AÐ BAKA** Hildur Kjartansdóttir er frístundabakari sem eyðir góðum tíma í eldhúsinu. Hún vinnur í sumar við að elda fyrir krakka í sumarbúðum.

Hildur Kjartansdóttir ákvað að skella í eina köku og skreyta hana í tilefni þess að hún er í vikulöngu sumarfríi. „Ég gerði stúdentsköku fyrir vinkonu mína sem útskrifaðist úr MR og skreytti hana með skólanum sjálfum. Þá komst ég að því að ég hef mjög gaman af að skreyta kökur með þekktum byggingum. Mér finnst Höfði falleg bygging og ákvað að spreya mig á því að gera hana. Ég fór með kökuna til ömmu og afa og þau fengu að eiga hurðarhúnninn sem svo mikið var horft á í sjónvarpinu þegar leiðtogafundurinn fór þar fram,“ segir Hildur.

Aðspurð segist hún alveg tíma því að borða kökurnar. „Það er fínt að einhver borði þær því annars skemmast þær bara.“ Vinir og vandamenn Hildur fá helst að njóta afraksturs bakstursins en hún hefur gert svolítið af því að baka fyrir afmæli og aðrar veislur og gefur þá kökuna sem gjöf. „Það eru ekki margir í vínahópnum sem hafa gaman af kökuskreyingum þannig að þeim finnst fínt að ég sjái um þetta,“ segir hún.

Hildur byrjaði að nota sykurmassa í

skreytingar fyrir rúmu ári síðan. „Mér finnst skemmtilegast að fá áskoranir og vinna út frá þeim. Ég gerði til dæmis geislasverðsköku fyrir vin minn af því hann var lengi búinn að biðja um að ég gæfi honum geislasverð þegar ég kláraði geislafræðina sem ég er að læra,“ segir Hildur og tekur fram að geislafræði hafi reyndar ekkert með geislasverð að gera. Hún segir alls ekki erfitt að gera svona fallega skreyttar kökur, það reyni helst á þolinmæðina. „Þetta felst í æfingunni en tekur svolitinn tíma. Ég var fjóra til fimm tíma að lita massann og skreyta Höfðakökuna.“

Hildi finnst gaman að elda og baka en í sumar vinnur hún við að elda fyrir börn og starfsfólk í sumarbúðum KFUM & KFUK á Hólavatni. „Það er alltaf gaman að elda þegar maður fær hrós fyrir og það er vel borðað af matnum,“ segir Hildur sem hyggur á meiri og jafnvel metnaðarfullri kökuskreyingar í framtíðinni.

■ [lilja.bjork@365.is](mailto:lilja.bjork@365.is)



**FALLEG OG GÓMSÆT**  
Hildi finnst Höfði falleg bygging og ákvað að skreyta köku með byggingunni þekktu. Það tókst svona stórvel.

**Útsalan í fullum gangi**  
**Flott föt fyrir flottar konur**  
st. 40-58



Verstunin Belladonna á Facebook

**belladonna**

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460  
[www.belladonna.is](http://www.belladonna.is)

**Hiti í bústaðinn**

Ryðfríir neysluvatnshitara, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitara til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

Rafhitara fyrir heita potta



**Rafhitun** íslensk framleiðsla í 20 ár

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • [www.rafhitun.is](http://www.rafhitun.is)

# HVERNIG ÞRÍFA Á LYKLABORÐ

*Lyklaborð tölvunnar er flestum mikilvægt en það, eins og aðrir hlutir, safnar ryki og drullu með tímanum. Hér eru ráð til að halda því hreinu.*

Það eru margar leiðir til að þrifa hefðbundin lyklaborð, allt eftir því hvaða óhreinindi það eru sem helst þarf að þrifa. Það allra fyrsta sem þarf að gera er að taka lyklaborðið úr sambandi eða taka rafhlöðurnar úr. Lyklaborðið getur skemmst við hreingerninguna ef það er rafmagn á því.

Til að ná ryki úr lyklaborðinu er auðveldast að nota litla handryksugu. Ef rykið er mikið er hægt að setja bursta á venjulega ryksugu og bursta með honum um leið og ryksugað er.

Dagleg notkun elur af sér alls kyns sýkla sem fá að lifa óárettir á tökkum lyklaborðsins ef ekkert er að gert. Varist þó að nota ekki of sterk hreinsiefni þar sem ekki er gott fyrir fingurna að vera í snertingu lengi við þess konar efni. Setjið efnið í tusku og strjúkið yfir lyklaborðið. Gott er að nota eyrnápinna til að komast á milli takkana.

Stundum er þörf á að fara út í alvarlegri hreinsunaraðgerðir, til dæmis þegar einhvers konar vökvi heillist yfir lyklaborðið. Þá er best að byrja á því að þurrka upp allan þann vökva sem hægt er. Ef takkarnir eru orðnir klístraðir þarf að taka þá af. Þá þarf að leggja á minnið rétta staðsetningu allra takkana eða jafnvel taka mynd af lyklaborðinu áður en takkarnir eru teknir af.

Þegar búið er að taka lyklna af er hægt að þrifa borðið sjálft með ryksugu eða tusku með hreinsiefni í. Takkana sjálfa má þrifa með vatni eða eyrnápinna. Á mjög erfiða bletti má nota strokleður, passið þó að strokleðursleifar fari ekki ofan í lyklaborðið. Ef ekkert af þessu virkar má nota mjúkan tannbursta, bleyttan í hreinsiefni. Setjið svo takkana aftur á lyklaborðið og þá ætti það að vera orðið eins og nýtt.



**GRÓÐRARSTÍA** Margir gleyma að þrifa lyklaborð en þar þrífast alls kyns óhreinindi.



## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarrson  
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson  
sölufulltrúi og lögg. leigumiðlari



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Ruth Einarsson  
sölufulltrúi



Ásdís Írena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

**Sprengisandur** **BYLGJAN**  
kraftmikill þjóðmálaþáttur  
989  
Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

## Stórglæsilegt sumarhús

Fasteignasalan Valhöll s. 588  
4477 kynnrir:

Stórglæsilegt sumarhús með gestahúsi á rúmlega 0,5 ha eignarlandi í Reykjaskógi í Biskupstungunum. Eignin er ofarlega í skóginum, kjarri vaxið svæði og útsýni mikið. Innbú og tæki fylgja með í kaupum. Heitt og kalt vatn í húsi.



Fallegt sumarhús í Reykjaskógi.

gengt á pallinn þar sem er heitur pottur.

Gestahús er tæplega 17 fm að stærð. Þar er eldhús með lítilli borðstofu, baðherbergi með sturtu og gott rými með kojurými en svefnpláss er fyrir þrjá. Til viðbótar við gestahús er lítið hús á lóðinni sem tilvalið er fyrir börn og leikföng þeirra.

Eignin er skráð 81,7 fm í fasteignamati en samkvæmt seljanda er um að ræða samtals 111 fm gólfloft með svefnlofti en mesta lofthæð þar er um 2 metrar. Undir aðalhúsinu er aðgangur að stóru og miklu rými þar sem m.a. kemst fjór hjól, tilvalið

fyrir áhöld og annað. Bústaðurinn er á steiptum stólpum og var byggður árið 1995. Mikið kjarri er umhverfis húsið, aðkoma góð og allur frágangur til fyrirmyndar. Greitt er fast gjald fyrir heitt og kalt vatn ásamt vegagjaldi en sú upphæð nemur um 120 þúsund krónum á ári og er tengt vísitölu. Göngufæri er á leiksvæði sem sumarhúsin reka sameiginlega, þar er lítill golfpúttvöllur, fótbolta- og körfuboltavöllur.

Eign sem vert er að skoða. Upplýsingar gefur Jón Rafn Valdimarsson, löggiltur fasteignasali, sími 695-5520.

